

Stjórnarfundur Fhb 03.04.2014 á Hótel Sögu

haldinn í kjölfar formannafundar Fhb

Mætt voru: Sveinn Steinarsson formaður, Sigbjörn Björnsson varaformaður, Eysteinn Leifsson meðstjórnandi, Magnús Jósefsson ritari og Hulda G. Geirsdóttir framkvæmdastjóri sem jafnframt ritar fundargerð. Vignir Sigurðsson gjaldkeri þurfti að fara snemma til að ná flugi og sat því ekki allann fundinn.

Fundurinn var haldinn í beinu framhaldi af formannafundi sem stóð frá kl. 13-18 og hófst á því að Sveinn setti fund og rætt var við Ólaf Þórisson hrossabónda einn aðstandenda umsóknar um styrk vegna átaks í sölu folaldakjöts. Óskað var eftir frekari upplýsingum um verkefnið og mun framkvæmdastjóri senda fyrirspurn á Ólaf í framhaldi fundarins.

Einnig rætt um stöðu á kjötmarkaði og verðlækkunir á kjöti til framleiðenda. Formaður mun setja sig inn í málið og skoða frekar.

Hulda fór yfir stöðu ýmissa verkefna og var samþykkt að fara í uppfærslu á heimasíðu, þ.e. flytja hana yfir í nýtt umsjónarkerfi og uppfæra.

Sölufengs verkefnið er komið á rekspöl, vinnuhópur að vinna kröfulýsingu í samvinnu við tölvudeild BÍ.

Stefnt að fundi með LH varðandi bókarhandritið „Hestheimar barnanna“ og hugsanlegt Hestatorg á LM í sumar.

Sveinn sagði frá fundi sínum og Huldu með formanni og framkvæmdastjóra BÍ. Farið yfir samstarfssamning félaganna og þau atriði sem hugsanlega þarf að skerpa á eða uppfæra.

Fleira ekki gert og fundi slitið um kl. 19.

HGG/hgg